

- 34 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Heimilissjóð taugaveiklaðra barna, 28. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febr. 1961. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heimilissjóð taugaveiklaðra barna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heimilissjóður taugaveiklaðra barna.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Barnaverndarfélagi Reykjavíkur með 100000.00 — eitt hundrað þúsund — króna framlagi.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans (sbr. 6. gr.) telur öruggast og arðvænlegast hverju sinni. Þó má ekki festa fé sjóðsins til lengri tíma en svo, að það verði handbært, þegar því skal verja til þeirrar framkvæmdar, sem sjóðurinn er ætlaður til.

Sjóðinn skal efla:

- a. Með árlegum óskertum vöxtum hans sjálfs.
- b. Með fjárframlögum Barnaverndarfélags Reykjavíkur og annara félaga, sem kynnu að vilja styrkja hann.
- c. Með gjöfum og áheitum einstaklinga.

4. gr.

Markmið sjóðsins er það að hrinda í framkvæmd byggingu dvalarheimilis handa taugaveikluðum börnum, sem njóta sérfræðilegrar meðferðar og þarfnast í því sambandi slíkrar dvalar um skeið.

Sjóðsstjórn er heimilt að leggja allt að 95% — níutíu og fimm af hundraði — þáverandi sjóðseignar fram í ofangreindum tilgangi, jafnskjótt og sjóðurinn hefur eflzt svo, að hann nægi einsamall eða ásamt fjárframlögum annarra aðilja til þess að ljúka byggingu ofangreinds dvalarheimilis.

Sjóðsstjórn er heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hún telur líklegan til að vinna með henni að framgangi málsins.

5. gr.

Að lokinni byggingu dvalarheimilisins skal ávaxta og efla eftirstöðvar sjóðseignar eins og mælt er fyrir í 3. gr. Jafnskjótt og fjárhagur sjóðsins leyfir, skal hann styrkja Dvalarheimili taugaveiklaðra barna til þess að eignast nauðsynleg tæki, húsgögn o. fl., sem að aðbúnaði vistbarna lýtur og heimilið kann að vanhaga um, enn fremur með námsstyrkjum til sérmenntunar starfsfólki heimilisins.

Aldrei má verja fé sjóðsins nema til hagsmuna taugaveikluðum börnum. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn um notkun fjárisins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 4 menn. Formaður Barnaverndarfélags Reykjavíkur, Fræðslustjóri Reykjavíkur og forstöðumaður Geðverndardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, fulltrúi þjóðkirkjunnar, er biskupinn yfir Íslandi skipar. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Nú skorast einhver þessara aðilja undan að taka sæti eða sitja áfram í sjóðs- **34**
stjórn, og skal þá félagsmálaráðuneytið, sem sjóðurinn heyrir undir, skipa mann í 28. febr.
stað hans.

Sjóðsstjórn er heimilt að kveðja fimmta mann sem meðstjórnanda, og hefur hann þá sama rétt og sömu skyldur sem aðrir stjórnarmenn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa svo og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn. Árlega reikninga sjóðsins skal senda Ríkis-
endurskoðun til endurskoðunar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið eigi síðar en 1. febrúar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ

35

6. mars

um barnavernd í Hafnarkauptúni í Hornafirði.

1. gr.

Í Hafnarkauptúni í Hornafirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 9 að kvöldi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum, eða öðrum forráðamönnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga, undir umsjón foreldra eða fulltrúa þeirra.

Óheimill er þeim og, á sama tímabili, aðgangur að kvöldsfélagum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga ber að sjá um, að ákvæði þessu sé hlýtt.

2. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 9 að kvöldi, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái þar eigi óheimilan aðgang.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglिंगarnir eru meðlimir í svo og dansleikjum skólafélaga.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna.